



# VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður

Áskoranir og staðan í kjölfar Covid

Mars 2022



# Dagskrá


1. VIRK – staðan í dag
2. Starfsemi og áherslur í kjölfar Covid
3. Kulnun – fyrstu niðurstöður þróunar og rannsóknarverkefnis hjá VIRK
4. Aðstæður einstaklinga sem leita til VIRK
5. Starfsgeta, jöfnuður og félagslegar aðstæður
6. Breytt samfélag kallar á nýja nálgun
7. Að lokum.....



# VIRK – staðan í dag

- Um 2400 einstaklingar eru í þjónustu VIRK í dag
- 70-80% þeirra sem leita til VIRK eru með skerta starfsgetu vegna andlegra sjúkdóma og/eða stoðkerfisvandamála.
- Meðaltími í þjónustu er nú 14,3 mánuðir
- 78% af þeim sem ljúka þjónustu eru fara í einhverja virkni á vinnumarkaði (vinnu, nám, atvinnuleit)
- Til VIRK leita einstaklingar á öllum aldri, með mismunandi menntunarstig og úr öllum starfsgreinum

Fjöldi nýrra og útskrifaðra einstaklinga  
Á árunum 2015-2021



# Starfsemi og áherslur í kjölfar Covid



## Hópar sem glíma við neikvæðar afleiðingar covid:

- Þeir sem glíma við alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar vegna Covid
- Þeir sem misstu vinnuna
- Þeir starfsmenn sem staðið hafa vaktina í Covid
  - Teikn um aukinn fjölda hér hjá VIRK en of snemmt að draga af því ályktanir

## Jákvæðar afleiðingar Covid:

- Aukinn sveigjanleiki
- Auknir rafrænir möguleikar í þjónustu

## Áherslur VIRK í kjölfar Covid:

- Fagleg þróun í þjónustu og úrræðum til að mæta þörfum mismunandi hópa
- Samstarf við aðra endurhæfingaraðila
- Aukin atvinnutenging í starfsendurhæfingu
- Starfsendurhæfing samhliða vinnu
- Aukin snemmbærni í þjónustu
- Auknar forvarnir

# Kulnun – þróunar- og rannsóknarverkefni hjá VIRK

## Gengið er út frá skilgreiningu WHO á kulnun:


*Kulnun er heilkenni sem er afleiðing **langvarandi streitu á vinnustað** sem ekki hefur tekist á árangursríkan hátt að ná stjórn á. Einkenni kulnunar eru á þrem víddum:*

1. *Orkuleysi eða örmögnun*
2. *Andlega fjarverandi í vinnu, neikvæð viðhorf eða tortryggni tengd vinnustað*
3. *Minni afköst í vinnu*

*Kulnun vísar til fyrirbæris í tengslum við vinnuumhverfið og ætti **ekki að vera nýtt til að lýsa reynslum á öðrum sviðum lífsins***

- Allar beiðnir sem bárust til VIRK á tímabilinu nóvember 2020 til nóvember 2021 voru skoðaðar sérstaklega með tilliti til þessarar skilgreiningar – alls 3.291 beiðni um þjónustu
- Markmiðið er að veita viðeigandi þjónustu á réttum tíma

# Fyrstu niðurstöður:



## Kulnun í starfi:

- 70% með háskólamenntun
- Einstaklingar í flestum starfsgreinum
- Jöfn alursdreifing
- Meirihlutinn starfar við heilbrigðisþjónustu, innan menntakerfisins og innan stjórnsýslu, fjármálaþjónustu og við almenn skrifstofustörf

Ekki hægt að yfirfæra þetta á allt samfélagið en fyrstu niðurstöður benda til þess að mun fleiri tengi heilsubrest sinn við kulnun heldur en glíma raunverulega við kulnun í starfi ef gengið er út frá skilgreiningu WHO

# Aðstæður einstaklinga sem leita til VIRK

*Nokkur dæmi (úr þjónustukönnun VIRK):*



*„Mikil veikindi á heimili mínu (maki og sonur langveikir). Krefjandi vinna og eigin veikindi (stoðkerfi, gigt, kvíði og streita)“*

*„Á síðustu 10 árum barðist ég 2x við brjóstakrabbamein og meinvörp, hjartabilun og blóðtappa, margþætta áfallastreitu“*


*„Mínar aðstæður voru að ég var ómenntuð, á örorkubótum og mikið þunglynd, mig vantaði allan stuðning til að komast áfram td í nám eða vinnu“*

*„Kærði kynferðislega áreitni á vinnustað. Í kjölfarið breyttust allar aðstæður sem enduðu þannig að ég fór í veikindaleyfi og var mér þá sagt upp. Þessu fylgdi kvíði og þunglyndi sem undu upp á sig“*

*„Þunglyndi, kvíði og streita. Misnotkun í æsku. Lágt sjálfsmat, félagsleg einangrun“*

# VIRK, jöfnuður og félagslegar aðstæður

- Áhrifapætti heilsufars er oft hægt að rekja til mismunandi félags- og efnahagslegra þátta
- Menntun, tekjur og aðbúnaður fólks spáir fyrir um bæði heilsufar og ævilengd
- Sterkt samband er milli heilsu, félagslegra vandamála og jöfnuðar í samfélaginu
- Áhrifapættir vinnugetu eru margir og flóknir og heilsufar er bara einn þáttur af mörgum




- Rannsóknir og reynsla, héraendis og erlendis bendir til þess að sá þáttur sem skiptir mjög miklu máli í þessu samhengi er **trú á eigin getu**



# Breytt samfélag kallar á nýja nálgun



- Aukinn geðrænn vandi
- Viðhorf og menning
- Fíknivandi
- Langvinnir lífsstílssjúkdómar
- Breyttar aðstæður fjölskyldna
- Hraði og erill, samfélagsmiðlar
- Breytt vinnumarkaðspáttaka
- Álag á konur og foreldra ungra barna
- Hækkandi aldur
- Tækniþróun og breyting starfa




## Áherslupættir í nýrri nálgun:

- Aukinn sveigjanleiki og möguleikar
- Endurskoðun á fjárhagslegum stuðningi vegna barna
- Samhæfing og þróun
- Örorkulífeyrir, varanleiki og félagslegur vandi
- Réttur til vinnu
- Áhersla á heilsueflandi þátt vinnunnar
- Áhersla á seiglu, ábyrgð, stuðning og þátttöku

# Að lokum.....

- Við þurfum öflugt atvinnulíf og góða velferðarþjónustu. Þetta tvennt fer saman.
- VIRK vinnur með öllum aðilum – bæði á vinnumarkaði og innan velferðarkerfisins
- 81% telja VIRK hafa mikla þýðingu fyrir íslenskt samfélag
- 6 af hverjum 10 þekkja einhvern sem hefur notið þjónustu VIRK
- Mörg góð verkefni í gangi í samfélaginu
- Mörg tækifæri til að ná mun meiri árangri fyrir samfélagið í heild sinni



Könnun Maskínu í febrúar 2022



**VINNUM** SAMAN!

